

Lög

um

breytingu á lögum fyrir Ísland, nr. 17. frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr. í lögum frá 8. júlí 1902 orðist þannig:

Með konunglegri tilskipun má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sjerstaklega skrásetning og fiskveiðaskirteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland og samkvæmt gildandi skrásetningarlögum hafa rjett til þess að hafa íslenskan fána, svo og um tölusetningu og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tíma fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda á góðri reglu við fiskveiðar á tjeðu svæði og koma í veg fyrir spell og skemdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir um eftirlit með því, að fylgt sje ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 1. október 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.